

Við greiðum þína leið ...daglega

KORTA ÞJÓNUSTAN

FRÉTTABRÉF

1.TBL. 2. ÁRG.

FÁÐU KREDITKORTIN GERÐ UPP DAGLEGA

Allt frá því Kortþjónustan og PBS International komu inn á markaðinn í færsluhirðingu kreditkorta fyrir tveimur árum, hafa fyrirtækin innleitt nýjar viddir í samkeppnina hérlandis. Nú bjóðast fyrirtækjum dagleg uppgjör kreditkortaveltu og þar með gjörbreyting á fjárbindingu í rekstrinum og hefur mikill fjöldi fyrirtækja tekið þessum nýja valkosti fagnandi.

Nú blása Kortþjónustan og PBS International aftur ferskum vindum inn á markaðinn og boða verulega lækkun á gjaldskrá fyrir færsluhirðingu kreditkorta.

Þetta er gert til að taka af enn meiri krafti þátt í þeirri samkeppni sem markaðurinn býður upp á og munu fyrirtækin því **lækka almenna gjaldskrá niður í 2,40% til 2,60%** fyrir dagleg uppgjör.

... OG NÚ Á MIKLU BETRI KJÖRUM

Kíktu á þóknunina sem þú greiðir í dag og bættu við 1,10%, þá færðu réttan samanburð við okkar þóknun. Berðu það svo saman við okkar gjaldskrá, sbr. eftirfarandi:

Í dag greiðir þú: _____ % + 1,10%* = _____ %

Berðu það svo saman við okkar gjaldskrá:

Ný gjaldskrá Kortþjónustunnar og PBS International	
Mánaðarleg kreditkortavelta	Þóknun fyrir dagleg uppgjör
Upp að 3.500.000 kr.	2,60%
Upp að 5.000.000 kr.	2,50%
Upp að 10.000.000 kr.	2,40%
Hærra en 10.000.000 kr.	Tilboð

* Ekki láta grunnþóknun blekkja þig, taktu allt með í reikninginn:

- Álag fyrir vikulegar innágreiðslur er 0,87%, en einungis er greitt út 90% af veltunni, þótt álagið sé einnig reiknað á þau 10% sem ekki eru greidd út. Raunálag er því 0,97%.
- Fyrir vikulegar innágreiðslur þarf að meðaltali að bíða 6 daga frá því færslurnar verða til, en tekið er tillit til munar á 6 dögum og uppgjöri Kþ. og PBSI, sem er 0,13%

Samtals raunálag til að ná réttum samanburði er því 1,10%

“LÁTTU ÞÍNA PENINGA VINNA FYRIR ÞINN REKSTUR
– EKKI BINDA ÞÁ Í VAXTALAUSUM KREDITKORTAFÆRSLUM”

STÍGÐU SKREFIÐ NÚNA !

- sæktu um þjónustusamning á www.korta.is eða í síma 55 88 000. Vertu samferða okkur á leið okkar til betri viðskiptahátta fyrir söluaðila í kortaviðskiptum

LÆKKUN STRAX

JÓHANNES I. KOLBEINSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

Allir núverandi viðskiptavinir Kortþjónustunnar og PBS International munu að sjálfsgöðu fá lækkun á sinni þóknun strax skv. nýju gjaldskránni. Auk þess fá núverandi viðskiptavinir tækifæri til að lækka þóknun sína niður fyrir gjaldskrá. Sjá bls.3.

BREYTTIR VIÐSKIPTAHÆTTIR

Kortþjónustan ehf. var stofnuð fyrir liðlega tveimur árum með það að megin markmiði að breyta viðskiptaháttum til hins betra fyrir söluaðila í kortaviðskiptum. Fyrirtækið hefur undanfarin tvö ár gert samninga ásamt PBS International við söluaðila um hraðari uppgjör á kreditkortafærslum en áður þekktist hér á landi. Þjónusta, sem áður var aðeins aðgengileg íslenskum fyrirtækjum sem störfuðu á alþjóðavettvangi, er nú aðgengileg öllum íslenskum fyrirtækjum. Segja má að þetta sé útrás erlendra aðila inn á íslenskan markað á svipaðan hátt og íslensk fjármálafyrirtæki eru að sækja

á erlenda markaði. Þeir söluaðilar sem gert hafa samning við PBS International fá kreditkortafærslur sínar gerðar upp daglega og gerir danska fyrirtækið upp við íslensku kortafyrirtækin og bankana í gegnum alþjóðlegu kortafyrirtækin Visa International og MasterCard International. Kortþjónustan og PBS International bjóða viðskiptavinum sínum kjör sem eru mjög samkeppnishæf og afbrigðs þjónustu. Þannig má segja að þau kjör sem verið er að bjóða fyrir daglegar greiðslur núna séu á svipuðum nótum og almennt tíðkaðist fyrir tveimur árum þegar greitt var mánaðarlega.



Þetta sýnir að það hefur skilað sér að hafa staðið við þau meginmarkmiði okkar að keppa að bættum viðskiptaháttum fyrir söluaðila í kortaviðskiptum.

ÖRYGGI Í NETVIÐSKIPTUM

Kortþjónustan hefur frá því í byrjun árs 2003 gert söluaðilum kleift að taka við öruggum greiðslum í netverslunum. Kortþjónustan hefur verið leiðandi aðili á Íslandi í auknu öryggi kortaviðskipta á Internetinu. Dæmi um slíkt er krafa Kortþjónustunnar um notkun öryggisnúmers, svokallaðs CVC2 eða CVV2 númers, þegar greitt er fyrir vörur eða þjónustu á netinu.

Í samvinnu við PBS International er Kortþjónustan nú að vinna að innleiðingu nýrra aðferða sem munu auka enn frekar öryggi netgreiðslna. Þessar nýju aðferðir eru til mikilla bóta fyrir söluaðila og auka öryggi greiðslna enn frekar. Um er að ræða kerfi sem þróuð hafa verið af alþjóðlegu kortafyrirtækjunum og ganga undir nöfnunum MasterCard SecureCode, Verified by Visa og JCB J/Secure.



Gert er ráð fyrir að kerfiin verði komin í notkun á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.



GUNNAR R. BÆRINGSSON,

STJÓRNARFORMAÐUR KORTAÞJÓNUSTUNNAR EHF.

“Ég ásamt fleirum einstaklingum vorum frumkvöðlar og stofnuðum Kreditkort hf. árið 1980 og var það fyrsta kreditkortafyrirtækið á Íslandi. Það má því segja að við höfum rutt brautina að því kortasamfélagi sem Ísland er nú orðið. Nú rúmum 20 árum síðar eru einstaklingar enn að ryðja brautina með hraðari og einfaldari uppgjörum á kreditkortunum”

“ÞAÐ MÁ ÞVÍ SEGJA AÐ VIÐ HÖFUM RUTT BRAUTINA AÐ ÞVÍ KORTASAMFELAGI SEM ÍSLAND ER NÚ ORÐIÐ.”

JAFNARA GREIÐSLUFLÆÐI

ICELAND EXCURSIONS ALLRAHANDA



Iceland Excursions - Allrahanda rekur ferðaskrifstofu og hópferðabíla. Hjá fyrirtækinu er mikil þjónusta við erlenda ferðamenn, s.s. dagsferðir frá Reykjavík. Um 30.000 erlendir ferðamenn eiga viðskipti við fyrirtækið árlega og er vöxturinn stöðugur. Við heyrðum í Heiðari Eiríkssyni framkvæmdastjóra fyrirtækisins til að fá hans álit á þjónustu Kortapjónustunnar.

“Í þessum bransa er mjög hátt hlutfall fjármagns greitt með kortum og því getur greiðsluflæðið oft verið erfitt. Eftir að við höfum viðskipti við Kortapjónustuna hefur greiðsluflæðið hins vegar jafnast mikið. Það hefur líka í för með sér að reksturinn

gengur betur þegar auðveldara er að greiða reikninga og standa í skilum. Ef við værum ekki með þessa þjónustu þá er alveg ljóst að vaxtakostnaður okkar, t.d. vegna yfirdráttarlána væri mun hærri en hann er í dag. Þjónustan gengur snurðulaust fyrir sig og ef ég hef þurft að leita til fyrirtækisins með einhver mál, þá hefur þjónustan verið mjög góð. Á sínum tíma tókum við ákvörðun um að skipta við Kortapjónustuna til að jafna greiðsluflæðið í fyrirtækinu og það er að sýna sig að sú ákvörðun var rétt”.



Greiðslugátt á netinu:

Greiðslugátt Kortapjónustunnar á netinu gerir söluaðilum kleift að taka við greiðslum í gegnum vefverslun eða bókunarsíður á Internetinu.



Þjónustugátt á netinu:

Þjónustugátt Kortapjónustunnar á netinu gerir söluaðilum kleift að fylgjast með færslum sínum og fá yfirlit yfir færslur sínar. Einnig geta söluaðilar notfært sér vefposa þar.

KÆRI VIÐSKIPTAVINUR,

TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN.

Nú eru tvö ár liðin síðan Kortapjónustan og PBS International hófu starfsemi sína hér á landi. Sem viðskiptavinur okkar hefur þú notið kjara sem ekki voru fánleg fyrir tveimur árum. Jafnframt hefur þú verið einn af frumkvöðlum þess að koma á og viðhalda heilbrigðri samkeppni í kortapjónustu við söluaðila.

Nú stöndum við aftur saman á tímamótum. Við höldum áfram forystu okkar um að bæta kjör söluaðila og viljum fá þig í lið með okkur.

Þú getur núna lækkað þína þóknun umtalsvert á einfaldan hátt.

Sem einn af viðskiptavinum okkar þekkir þú þjónustu okkar og getur á einfaldan hátt skýrt fyrir öðrum út á hvað hún gengur. Verði þitt orð til þess að færa okkur nýjan viðskiptavin færðu kjör sem eru lægri en þú hefur séð hingað til. Þóknunin þín fer niður í 2,3% og daglega greitt sem fyrr.

Nýr viðskiptavinur fær þóknun samkvæmt nýju gjaldskránni. Komi hann strax inn í þjónustuna með annan nýjan viðskiptavin, þá getur hann einnig lækkað sína þóknun í 2,3%.

Nýir söluaðilar geta skráð sig á heimasíðu okkar www.korta.is og tilgreint þig sem KORTA vin. Einnig er einfalt að hafa samband við okkur í síma 558 8000 eða með því að senda okkur tölvupóst á korta@korta.is

Tilboð þetta gildir ekki fyrir viðskipti með Internet- eða handskráðar færslur.

Með bestu kveðjum,

**Kortapjónustan ehf og
PBS International.**

ÁSMUNDUR ÞORVALDSSON
SÖLUMÁÐUR

“SKOÐIÐ NÝJU GJALDSKRÁNNNA OG
HAFIÐ SAMBAND VIÐ MIG Á ATH@KORTA.IS”



Einn samningur um kortin



Við hjá PBS International höfum þjónustað söluaðila í Danmörku í yfir 20 ár. Við stundum færsluhirðingu á stærstu alþjóðlegu greiðslukortunum í Danmörku og fyrir söluaðila um alla Evrópu og nú einnig á Íslandi, í samstarfi við Kortþjónustuna ehf.

Sveigjanlegar lausnir

Við bjóðum söluaðilum öruggar og traustar lausnir í greiðslukortauppgjörum, hvort sem greitt er í gegnum POSa eða Internet. Við bjóðum alþjóðlegan kortasamning með örum greiðslum og á samkeppnishæfum kjörum.

Einn samningur er allt sem þarf

Söluaðili gerir aðeins einn samning til að geta tekið við greiðslum með Eurocard/MasterCard, Visa, Visa Electron og JCB kortum. Fáðu frekari upplýsingar um móttöku og uppgjör alþjóðlegra greiðslukorta hjá samstarfsaðila okkar Kortþjónustunni í síma 5588000 eða á www.korta.is

PBS International A/S

